

Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum Húnabings vestra

1. gr.

Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins. Samþykkt þessi byggir á 25. og 42. gr. í Samþykkt um stjórn og fundarskóp Húnabings vestra nr. 588/2019.

2. gr.

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- Að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

3. gr.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru 7 og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum. Nefndum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka:

- a) Sveitarstjórn
- b) Byggðarráð
- c) Fastanefndir
- d) Aðrar nefndir, stjórnir og ráð
- e) Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar og fundarsetur sem falla ekki undir liði a - d.

Almenn skilgreining á fundi er sú að til hans sé boðað með dagskrá og um hann rituð fundargerð.

4. gr.

Sveitarstjórnarfulltrúar og fulltrúar í byggðarráði þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið. Fulltrúar í sveitarstjórn fá 10% af þingfararkaupi í mánaðarlega þóknun, nú kr. 134.558, fulltrúar í byggðarráði fá 4% af þingfararkaupi í mánaðarlega þóknun, nú kr. 53.823. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Mánaðarlega fær oddviti 20% af þingfararkaupi í þóknun, nú kr. 269.116, Mánaðarleg þóknun formanns byggðarráðs er 8% af þingfararkaupi í þóknun, nú kr. 107.647.

5. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórn fá að auki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn sem nemur 3% af þingfararkaupi, nú kr. 40.367, að viðbættum akstri. Fulltrúar í byggðarráði fá greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í byggðarráði sem nemur 2% af þingfararkaupi, nú kr. 26.912, að viðbættum akstri. Varamenn fá greidd sömu laun og aðalmenn fyrir þá fundi sem þeir sitja að viðbættum akstri.

6. gr.

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

7. gr.

Húnabing vestra heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Greitt er iðgjald í lifeyrissjóðinn Stapa. Sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. tryggingasamningi sveitarfélagsins um tryggingar hverju sinni.

8. gr.

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum í allt að 3 mánuði. Greiðslur skv. 1. mgr. falla niður við lok kjörtímabils eða þegar sveitarstjórnarfulltrúi lætur af störfum að öðrum ástæðum.

9. gr.

Fyrir hvern setinn fund fá aðalmenn sem skipaðir eru af sveitarstjórn í fastanefndir greidda þóknun sem nemur 1% af þingfararkaupi nú kr. 13.456, að viðbættum akstri, og formenn nefnda 2% af þingfararkaupi nú kr. 26.912, að viðbættum akstri. Undantekning frá þessu eru fulltrúar í ungmennaráði sem fá greiddan 1/3 af almennum nefndarlaunum, nú kr. 4.485 fyrir hvern fund og öldungaráði sem fá greidd 2/3 af almennum nefndarlaunum, nú kr. 8.970 fyrir hvern fund. Formenn ungmenna- og öldungaráðs fá greidd tvöföld laun viðkomandi nefnda fyrir hvern fund.

Fastar nefndir sveitarfélagsins eru:

- Skipulags- og umhverfisráð
- Landbúnaðarráð
- Fræðsluráð
- Félagsmálaráð
- Ungmennaráð
- Öldungaráð

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu á nefndarfundum nema viðkomandi sitji fundi sem kjörinn fulltrúi.

10. gr.

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga skv. 3. gr. d - liðar er greitt af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega.

11. gr.

Fyrir störf í sérstökum nefndum skv. 3. gr. e - liðar, sem sveitarfélagið skipar til tímabundinna starfa fá fulltrúar greitt skv. 9. gr.

12. gr.

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir:

- Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu sveitarstjórnarmanna á fundum á Norðurlandi vestra, þrátt fyrir að þeir séu tilnefndir sem fulltrúar sveitarfélagsins. Greitt er sérstaklega fyrir akstur. Undantekning á þessu ákvæði er þegar varamenn í sveitarstjórn sem njóta ekki fastra greiðslna fyrir setu í sveitarstjórn, sitja fundi innan landshlutans. Í þeim tilfellum er greiðsla á hvern fund 2% af þingfararkaupi nú kr. 26.912 að viðbættum akstri.
- Sem fullríu sveitarfélagsins á fundi utan Norðurlands vestra sem ekki er greiddur af öðrum aðilum. Greiðsla á hvern fund er 2% af þingfararkaupi nú kr. 26.912 að viðbættum akstri.

13. gr.

Leitast skal við að nefndir, ráð og stjórnir fundi ekki á frídögum og stórhátiðardögum.

14. gr.

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal veita samþykki sitt vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um það til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggi fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

15. gr.

Orlof er ekki greitt á þóknun fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins.

16. gr.

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað. Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmaston hátt, til dæmis á bifreiðum sveitarfélagsins og samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Velji fulltrúi að ferðast á eigin bíl þegar ferð er í boði á bifreiðum sveitarfélagsins eða með samnýtingu ferðakosta er ekki greiddur akstur. Greitt skal samkvæmt ákvörðunum ríkisskattstjóra um aksturskostnað á hverjum tíma. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað skv. framlögðum reikningum. Um ferðir erlendis gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum, fyrirfram.

17. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. janúar 2023 og falla þá úr gildi eldri samþykktir um kaup og kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins sem samþykktar voru á 1047. fundi byggðarráðs þann 22. júní 2020.

18. gr.

Laun og þóknanir samkvæmt 4., 5., 9. og 12. gr. samþykktar þessarar taka breytingum samhliða breytingum á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað nr. 88/1995.

19. gr.

Samþykkt á 361. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 8. desember 2022.

*Hálmur Magnússon
Trúnik Már Sigurðsson
Ingveldur Þorsteinsdóttir.
Elin Hilja Guðnarsdóttir.
Sigurður Ólafur
Magnús V. Þorvaldsson
Þorgári Ólafur Þorvaldsson*